

Júní 2022



Ársskýrsla kærunefndar jafnréttismála

Útgefandi:

Forsætisráðuneytið

Ársskýrsla kæruneftndar jafnréttismála

Júní 2022

knj@knj.is

Umbrot og textavinnsla:

Forsætisráðuneytið

©2022 Forsætisráðuneytið

ISSN 2772-1671

Efnisyfirlit

1. Ávarp formanns.....	4
2. Hlutverk kæruneftndar jafnréttismála, aðild, kærufrestur og málsmeðferð	6
3. Skipan kæruneftndar jafnréttismála	7
4. Tölfræði úrskurða.....	8
5. Helstu niðurstöður í málum kæruneftndar jafnréttismála 2021.....	12
6. Málsmeðferðartími kæruneftndar jafnréttismála.....	16

1. Ávarp formanns

Skýrsla þessi er fyrsta skýrsla kærunefndar jafnréttismála sem skilað er til forsætisráðherra um störf nefndarinnar í samræmi við ákvæði laga nr. 151/2020 um stjórnslu jafnréttismála sem tóku gildi í ársbyrjun 2021. Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laganna skal nefndin árlega skila skýrslu um störf sín til ráðherra sem ber að birta hana með aðgengilegum hætti. Í ákvæðinu er jafnframt tekið fram að í skýrslunni skuli koma fram helstu niðurstöður og ályktanir sem draga má af úrskurðum nefndarinnar. Í skýrslu þessari er því auk umfjöllunar um skipan nefndarinnar að finna upplýsingar um fjölda kærumála hjá nefndinni á árinu 2021, afgreiðslutíma einstakra mála og umfjöllun um helstu niðurstöður þeirra mála sem voru afgreidd á árinu 2021.

Með lögum nr. 151/2020 var stjórnslu jafnréttismála á því sviði sem löggjöf um jafnréttismál tekur til, þ.e. lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lög nr. 85/2018 um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði sett í einn lagabálk. Gilda lögin því um störf kærunefndar jafnréttismála þegar hún tekur til meðferðar kærur sem til hennar er beint eftir því sem mælt er fyrir um í framangreindum þremur lagabálkum og kveður upp skriflegan bindandi úrskurð gagnvart málsaðilum um hvort ákvæði þessara laga hafi verið brotin. Sem fyrr er kærunefndin sjálfstæð og óháð í störfum sínum og sæta úrskurðir hennar ekki kærur til æðra stjórnvalds.

Rétt er að vekja athygli á tveimur nýmælum í lögnum. Annars vegar er um að ræða heimild kærunefndar til að beina fyrirmælum um tilteknar úrbætur til hlutaðeigandi aðila í úrskurði þar sem komist er að niðurstöðu um brot gegn jafnréttislögum. Hefur kærunefndin nú þegar beint slíkum fyrirmælum til gagnaðila að máli, sbr. úrskurð í máli nr. 22/2020. Hins vegar er um að ræða skyldu gagnaðila fyrir kærunefndinni, sem ekki vill una úrskurði hennar og ákveður að höfða mál til ógildingar á honum fyrir dómstólum, að stefna kærunefnd jafnréttismála og kæranda í málinu sameiginlega til varnar.

Á sama tíma og lög nr. 151/2020 tóku gildi leystu lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna af hólmi lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þessi nýja löggjöf markar tímamót þar sem hugtakið kyn afmarkast ekki lengur við konur og karla en á einnig við um fólk með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá.

Ljóst er að hlutverk og valdsvið kærunefndar jafnréttismála hefur á síðustu árum tekið miklum breytingum. Fjallar kærunefndin nú um mál sem varða mismunun á vinnumarkaði, óháð því hvort um er að ræða almenna eða opinbera vinnumarkaðinn, þ.m.t. mismunun á grundvelli kyns, kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar. Þá fjallar kærunefndin um mál sem varða mismunun utan vinnumarkaðar eða með öðrum orðum á

öllum sviðum samfélagsins, þ.m.t. á grundvelli kyns, kynþáttar og þjóðernisuppruna. Þótt flest mál sem lokið var á árinu 2021 varði sem fyrr mismunun á grundvelli kyns á vinnumarkaði varða nokkur þeirra einnig mismunun á grundvelli þjóðernisuppruna, aldurs og skertrar starfsgetu.

Eðli málsins samkvæmt er starfsemi kæruneftdarinnar því orðin mun umfangsmeiri en áður var, auk þess sem málafjöldinn hefur aukist. Um er að ræða flókin mál sem taka tíma í meðförum nefndarinnar en ljóst er að rík rannsóknarskylda hvílir á nefndinni. Þarf kæruneftdin því oftast en ekki að óska eftir frekari upplýsingum frá aðilum svo hægt sé að komast að niðurstöðu.

Af úrskurðum kæruneftdar sem voru kveðnir upp á árinu 2021 má ráða að það sem skipti mestu máli við málsmeðferð fyrir kæruneftdinni sé sönnunarregla jafnréttislaga en sams konar regla er í öllum fyrrneftndum lagabálkum sem heyra undir nefndina. Samkvæmt þessari sönnunarreglu þarf sá sem kærir að geta leitt líkur að broti á ákvæðum jafnréttislaga óháð því hver grundvöllur mismununar er og óháð því hvort hún sé bein eða óbein. Takist það er það gagnaðilans í málinu að sýna fram á að aðrar ástæður hafi legið að baki ákvörðun hans en þær sem geta leitt til brots gegn ákvæðum jafnréttislaga. Af þeim úrskurðum sem voru kveðnir upp á árinu 2021 var fallist á brot í þremur málum af 12 sem fengu efnislega umfjöllun fyrir nefndinni. Samkvæmt því tókst gagnaðila í þremur málum ekki að sýna fram á að aðrar ástæður hafi legið að baki ákvörðun hans en þær sem leiddu til brots gegn ákvæðum jafnréttislaga sem er fjórðungur, eða 25%, af málunum. Um var að ræða tvö mál þar sem fallist var á mismunun á grundvelli aldurs en í öðru þeirra var jafnframt fallist á mismunun á grundvelli kyns og mismunun á grundvelli þjóðernisuppruna og eitt mál þar sem fallist var á mismunun á grundvelli kyns.

Að lokum er rétt að geta þess að aðsetur kæruneftdar jafnréttismála fluttist til forsætisráðuneytisins 1. apríl 2021, nánar tiltekið á skrifstofu jafnréttis- og mannréttindamála, og er starfsmaður nefndarinnar jafnframt starfsmaður á þeirri skrifstofu.

2. Hlutverk kæruneftndar jafnréttismála, aðild, kærufrestur og málsmeðferð

Kæruneftnd jafnréttismála er eftir gildistöku laga nr. 151/2020 um stjórnslu jafnréttismála starfrækt á grundvelli III. kafla þeirra laga. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 151/2020 er hlutverk nefndarinnar að taka til meðferðar kærur sem beint er til hennar eftir því sem mælt er fyrir um í lögum um jafnréttismál, sbr. 1. gr. laganna, og kveða upp skriflegan úrskurð um hvort ákvæði þeirra laga hafi verið brotin.

Með lögum um jafnréttismál er átt við lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lög nr. 85/2018 um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði. Einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök sem telja að ákvæði framangreindra laga hafi verið brotin gagnvart sér geta leitað atbeina kæruneftndar jafnréttismála, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 151/2020 um stjórnslu jafnréttismála. Erindi skulu berast nefndinni skriflega innan sex mánaða frá því að vitneskja um ætlað brot á lögum um jafnréttismál lá fyrir, frá því að ástandi sem talið er brot á hlutað-eigandi lögum lauk eða frá því að sá er málið varðar fékk vitneskju um ætlað brot, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 151/2020. Málsmeðferð fyrir kæruneftndinni er að jafnaði skrifleg en þó getur nefndin kallað málsaðila eða fulltrúa þeirra á sinn fund telji nefndin ástæðu til.

Kæruneftndin er sjálfstæð og óháð í störfum sínum og úrskurðir hennar sæta ekki kærur til æðra stjórnvalds. Úrskurðir nefndarinnar eru bindandi gagnvart málsaðilum en þeim er heimilt að bera úrskurði nefndarinnar undir dómstóla. Með lögum nr. 151/2020 kom inn það nýmæli að kæruneftnd jafnréttismála skuli stefnt ásamt kæranda til varnar í málum þar sem úrskurður er kæranda í hag en gagnaðili höfðar mál til ógildingar úrskurði.

Í lögum nr. 151/2020 um stjórnslu jafnréttismála er að finna það nýmæli í 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. að kæruneftnd jafnréttismála er veitt heimild til að beina fyrirmælum til hins brotlega um að gera tiltekna ráðstafanir til að bæta úr þegar það á við, þannig að hinn brotlegi geti ekki mætt úrskurði með algeru athafnaleysi. Þá er nú sérstaklega mælt fyrir um þá heimild kæruneftndar til að afla frekari upplýsinga um mál frá einstaklingi sem hlaut starf í þeim málum sem snúa að ráðningu, setningu eða skipun í starf telji nefndin að þær upplýsingar séu gagnlegar við að upplýsa mál nægjanlega í samræmi við 10. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Að síðustu má nefna það nýmæli í lögum að kæruneftndinni er nú gert að skila árlega skýrslu um störf sín.

3. Skipan kæruneftndar jafnréttismála

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 151/2020 um stjórnslu jafnréttismála skipar ráðherra samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar þrjá fulltrúa í kæruneftnd jafnréttismála til þriggja ára í senn, þar af bæði formann og varaformann. Þeir skulu allir hafa lokið embættis- eða meistaraþrófi í lögfræði og a.m.k. tveir þeirra, þar á meðal formaður, hafa sérþekkingu á sviði jafnréttismála. Auk þess skal a.m.k. einn þeirra hafa sérþekkingu á jafnrétti kynjanna og einn á jafnrétti í víðtækari merkingu. Formaður og varaformaður, sem jafnframt er aðalmaður, skulu uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara. Jafn margir varamenn eru skipaðir með sama hætti.

Í samræmi við bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 151/2020 um stjórnslu jafnréttismála féll niður umboð skipaðra nefndarmanna í kæruneftnd jafnréttismála. Ráðherra skipaði nýja nefndarmenn í kæruneftndina samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar 12. janúar 2021.

Kæruneftnd jafnréttismála skipa Kristín Benediktsdóttir, dósent við lagadeild Háskóla Íslands sem jafnframt er formaður nefndarinnar, Andri Árnason, lögmaður sem jafnframt er varaformaður nefndarinnar, og Anna Tryggvadóttir, lögfræðingur í mennta- og barnamálaráðuneytinu. Varamenn eru Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður, Ari Karlsson lögmaður og Berglind Bára Sigurjónsdóttir, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu.


Í samræmi við bráðabirgðaákvæðið er skipunartími Kristínar Benediktsdóttur og Sigurðar Arnar Hilmarssonar til 11. janúar 2025, skipunartími Andra Árnasonar og Ara Karlssonar til 11. janúar 2023 og skipunartími Önnu Tryggvadóttur og Berglindar Báru Sigurjónsdóttur til 11. janúar 2024.

Ritari kæruneftndar jafnréttismála er Kristín Þóra Harðardóttir, starfsmaður forsætisráðuneytisins. Aðsetur kæruneftndar jafnréttismála fluttist til forsætisráðuneytisins 1. apríl 2021 og er starfsmaður nefndarinnar með aðstöðu á skrifstofu jafnréttis- og mannréttindamála.

4. Tölfræði úrskurða

Árið 2021 voru 20 mál stofnuð í málaskrá kærunefndar jafnréttismála. Líkt og sjá má á meðfylgjandi skýringarmynd hefur málum fjölgað undanfarin ár og voru þau til að mynda ríflega þrefalt fleiri árið 2021 en árið 2019.

Mynd 1: Fjöldi kærumála til kærunefndar jafnréttismála árin 1991-2021.



Tafla 1: Mál stofnuð í málaskrá kærunefndar jafnréttismála árið 2021.

Mánuður	Fjöldi mála
Janúar	1
Febrúar	1
Mars	5
Apríl	0
Maí	0
Júní	1
Júlí	1
Ágúst	2
September	1
Október	4
Nóvember	1
Desember	3
Samtals	20

Hér á eftir er yfirlit yfir mál sem bárust kærunefnd jafnréttismála á árunum 2019-2021. Í fremsta dálki er tilgreint efni kæru og í sviga sú mismununarástæða sem kærandi tilgreinir. Í aftasta dálki eru kærur flokkaðar eftir því hvort kærandi starfar hjá atvinnurekanda á almennum vinnumarkaði eða hinum opinbera. Til opinbera vinnumarkaðarins heyra ríki og sveitarfélög en almenni vinnumarkaðurinn tekur til atvinnurekenda á einkamarkaði.

Tafla 2: Yfirlit mála fyrir kærunefnd jafnréttismála 2019-2021.

2019

Efni kæru	Niðurstaða	Kærandi	Opinberi/Almenni
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kk	Opinberi (ríkið)
Forsjámál	Frávísun	kk	
Ráðning (þjóðernisuppruni)	Ekki brot	kk	Almenni
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kk	Opinberi (sveitarf.)
Ráðning (kyn)	Brot	kvk	Opinberi (ríkið)
Ráðning (kyn)	Afturköllun	kk	Opinberi

2020

Efni kæru	Niðurstaða	Kærandi	Opinberi/Almenni
Ráðning (kyn)	Frávísun	kk	Opinberi (sveitarf.)
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kk	Opinberi (ríkið)
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kk	Opinberi (ríkið)
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kvk	Almenni (ohf.)
Ráðning (kyn)	Brot	kvk	Opinberi (ríkið)
Ráðning (kyn)	Brot	kvk	Opinberi (ríkið)
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kvk	Almenni (ohf.)
Ráðning (kyn)	Brot	kvk	Opinberi (ríkið)
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kvk	Opinberi (ríkið)
Ráðning (kyn)	Brot	kk	Opinberi (sveitarf.)
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kk	Opinberi (ríkið)
Veiting þjónustu (kyn)	Ekki brot	kk	Almenni
Ráðning (kyn og aldur)	Ekki brot	kk	Opinberi (ríkið)
Ráðning (kyn)	Afturköllun	kvk	Almenni (ohf.)
Ráðning (jöfn meðferð)	Ekki brot	kvk	Almenni
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kvk	Almenni
Ráðning (kyn)	Brot	kk	Opinberi (ríkið)

Ráðning (kyn)	Ekki brot	kvk	Opinberi (ríkið)
Ráðning (aldur)	Ekki brot	kk	Opinberi (ríkið)
Ráðning (kyn og aldur)	Ekki brot	kk	Opinberi (sveitarf.)
Uppsögn á meðgöngu	Ekki brot	kvk	Almenni
Ráðning (kyn)	Brot	kk	Opinberi (ríkið)
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kk	Opinberi (ríkið)

2021

Efni kæru	Niðurstaða	Kærandi	Opinberi/Almenni
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kk	Opinberi (sveitarf.)
Uppsögn (kyn og þjóðerni)	Brot	kvk	Opinberi (bs.)
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kk	Opinberi (ríkið)
Uppsögn (skert starfsgeta)	Ekki brot	kvk	Almenni
Uppsögn (aldur)	Brot	kk	Almenni (ohf.)
Ráðning (aldur)	Brot	kk	Opinberi (ríkið)
Ráðning (aldur)	Ekki brot	kvk	Opinberi (ríkið)
Skipun í nefnd (kyn)	Ekki brot	kvk	Opinberi (ríkið)
Úthlutun úr sjóði (aldur)	Afturköllun	kk	Opinberi (ríkið)
Ráðning (kyn og aldur)	Ekki brot	kk	Opinberi (ríkið)
Starfsréttindi (aldur)	Frávísun	kk	Almenni
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kk	Opinberi (sveitarf.)
Uppsögn (aldur)	Frávísun	kk	Opinberi (ríkið)
Uppsögn (leiðréttingarkrafa)	Brot	kvk	Almenni
Ráðning (kyn)	(Ólokið)	kvk	Almenni
Agaviðurlög (kyn)	Ekki brot	kk	Opinberi
Uppsögn (leiðréttingarkrafa)	(Ólokið)	kvk	Almenni
Ráðning (kyn)	(Ólokið)	kvk	Almenni
Ráðning (aldur)	(Ólokið)	kvk	Opinberi
Áreitni (kyn, trúarskoðanir)	Ekki brot	kvk	Almenni

Tafla 3 sýnir fjölda mála og niðurstöðu á árunum 2019-2021. Í maí 2022 var enn ólokið fjórum málum frá fyrra ári.

Tafla 3: Fjöldi mála fyrir kærunefnd jafnréttismála.

	2019	2020	2021
Kæurur	6	23	20
þar af:			
Brot	1	6	4
Ekki brot	3	15	9
Frávísun	1	1	2
Kæra afturkölluð	1	1	1
Í vinnslu í maí 2022			4

Samkvæmt lögum nr. 151/2020 um stjórnslu jafnréttismála geta einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök leitað atbeina kærunefndar jafnréttismála. Í töflu 4 eru mál flokkuð eftir málshefjendum.

Tafla 4: Málshefjendur kærumála árin 2019-2021.

Ár	Kærandi: kk	Kærandi: kvk	Kærandi: kynhlutlaus skráning*	Kærandi: félagasamtök /stéttarfélag
2019	5	1		
2020	12	11		
2021	10	10		

*Með lögum nr. 150/2020 varð sú breyting að lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna taka nú í heild sinni einnig til einstaklinga sem hafa hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá. Frá gildistöku laganna hefur ekki borist kæra frá einstaklingi með hlutlausa skráningu kyns til kærunefndarinnar.

5. Helstu niðurstöður í málum kærunefndar jafnréttismála 2021

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir niðurstöðum mála sem var lokið á árinu 2021.

Kyn

Mál nr. 18/2020 frá 21. apríl 2021 (A gegn Samgöngustofu).

A kærði ákvörðun Samgöngustofu um að ráða karl í stöðu fagstjóra náms og skírteinismála sjófarenda hjá stofnuninni. Þar sem atvik málsins áttu sér stað í tíð eldri laga var kveðinn upp úrskurður á grundvelli laga nr. 10/2008 en um málsmeðferðina fór samkvæmt lögum nr. 151/2020. Að mati nefndarinnar hafði ekki verið sýnt fram á að kæranda hafi verið mismunað á grundvelli kyns við ráðningu í starfið. Var því ekki fallist á að Samgöngustofa hefði gerst brotleg við lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Mál nr. 22/2020 frá 31. maí 2021 (A gegn Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni).

A kærði ákvörðun L um að ráða konu í 50% starf á myndastofu. Þar sem atvik málsins áttu sér stað í tíð eldri laga var kveðinn upp úrskurður á grundvelli laga nr. 10/2008 en um málsmeðferðina fór samkvæmt lögum nr. 151/2020. Í málinu var upplýst að kyn lá til grundvallar einum matsþætti á matsblaði og nutu konur samkvæmt því ákveðins forgangs fram yfir karla við ákvörðun L um val í viðtöl. Þar sem ólögætt og þar með óheimilt væri að byggja á slíkum matsþætti við málsmeðferðina lá fyrir mismunun á grundvelli kyns í ráðningarferlinu. Skipti í því sambandi ekki máli hversu stór þáttur í heildarmatinu þessi matsþáttur væri. Var talið að L hefði ekki tekist að sýna fram á að aðrar ástæður en kyn hefðu legið til grundvallar ákvörðun þess. Varð af þeirri ástæðu ekki hjá því komist að telja að ráðningarferlið hafi verið andstætt lögum nr. 10/2008. Í ljósi þess að sambærileg matsblöð með umræddum matsþætti væru almennt notuð við ráðningar hjá L beindi kærunefndin því til L með heimild í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 151/2020 að gera breytingar á matsblöðunum í samræmi við forsendur úrskurðarins. Einn nefndarmaður skilaði sératkvæði þar sem ekki var fallist á brot.

Mál nr. 23/2020 frá 30. mars 2021 (A gegn mennta- og menningarmálaráðherra)

A kærði ákvörðun M um að skipa konu í embætti skrifstofustjóra skrifstofu framhaldsskóla og -fræðslu í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Þar sem atvik málsins áttu sér stað í tíð eldri laga var kveðinn upp úrskurður á grundvelli laga nr. 10/2008 en um málsmeðferðina fór samkvæmt lögum nr. 151/2020. Var það niðurstaða kærunefndarinnar að ekki var talið ómálefnalegt af hálfu M að

taka við skipunina tillit til reynslu og þekkingar konunnar sem skipuð var í embætti skrifstofustjórans á málefnasviði skrifstofunnar og að hún hefði að því leyti til staðið kæranda framfar. Teldust því ekki hafa verið leiddar líkur að því að A hefði verið mismunað á grundvelli kyns þegar skipað hefði verið í embættið, sbr. 1. og 4. mgr. 26. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Mál nr. 1/2021 frá 2. nóvember 2021 (A gegn Reykjavíkurborg).

A kærði ráðningu konu í starf verkefnastjóra á sviði innri endurskoðunar hjá R. Þar sem atvik málsins áttu sér stað í tíð eldri laga var kveðinn upp úrskurður á grundvelli laga nr. 10/2008 en um málsmeðferðina fór samkvæmt lögum nr. 151/2020. Að mati kærunefndar var ekki sýnt fram á að kæranda hefði verið mismunað á grundvelli kyns við ráðningu í starfið. Var því ekki fallist á að R hefði gerst brotleg við lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Mál nr. 3/2021 frá 25. ágúst 2021 (A gegn lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra).

A kærði ákvörðun L um að ráða konu í tímabundið starf saksóknarfulltrúa hjá embættinu. Þar sem atvik málsins áttu sér stað í tíð eldri laga var kveðinn upp úrskurður á grundvelli laga nr. 10/2008 en um málsmeðferðina fór samkvæmt lögum nr. 151/2020. Að mati nefndarinnar hafði ekki verið sýnt fram á að A hefði verið mismunað á grundvelli kyns við ráðningu í starfið, sbr. 4. mgr. 26. gr. laga nr. 10/2008. Var því ekki fallist á að L hefði gerst brotlegur við lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Mál nr. 8/2021 frá 8. desember 2021 (A gegn Vegagerðinni).

A kærði ákvörðun V um að ráða karl í starf forstöðumanns stoðdeildar á mannvirkjasviði hjá stofnuninni. Að mati nefndarinnar hafði ekki verið sýnt fram á að A hafi verið mismunað á grundvelli kyns við ráðningu í starfið, sbr. 4. mgr. 19. gr. laga nr. 150/2020. Var því ekki fallist á að V hefði gerst brotlegur við lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Mál nr. 9/2021 frá 12. október 2021 (A gegn dómsmálaráðuneytinu).

A kærði skipun aðalmanns í kærunefnd útflendingamála að tilnefningu Mannréttindaskrifstofu Íslands. Þar sem atvik málsins áttu sér stað í tíð eldri laga var kveðinn upp úrskurður á grundvelli laga nr. 10/2008 en um málsmeðferðina fór samkvæmt lögum nr. 151/2020. Var talið að M hefði borið að tilnefna bæði karl og konu, sbr. 1. másl. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, til setu í kærunefndinni enda gátu hlutlægar ástæður, sbr. 2. másl. sama ákvæðis, ekki leitt til þess að M væri ómögulegt að tilnefna bæði kynin. Í ljósi hlutfalls kynjanna við skipun í kærunefndina var ákvörðun D um að skipa karlinn í samræmi við 1. mgr. 15. gr. laga nr. 10/2008. Var því ekki fallist á að D hefði brotið gegn ákvæðum laga nr. 10/2008 við skipunina.

Aldur

Mál nr. 7/2021 frá 24. nóvember 2021 (A gegn Menntaskólanum við Sund).

A kærði ráðningu í starf kennara við M. Hélt A því fram að honum hefði verið mismunað á grundvelli aldurs við ráðninguna. Með vísan til þess að eldri umsækjendur sem nutu kjarasamningsbundins kennsluafsláttar voru útilokaðir frá því að koma til greina í starfið óháð hæfni þeirra að öðru leyti varð ekki betur séð en að M hefði mismunað umsækjendum í ráðningarferlinu á grundvelli aldurs, sbr. 1. mgr. 8. gr., sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 86/2018. Var talið að ekki hefðu verið færð málefnaleg rök fyrir þessari málsmeðferð, sbr. 12. gr. laga nr. 86/2018. Þá var talið að M hefði ekki tekist að sýna fram á að aðrar ástæður en aldur hefðu legið til grundvallar ákvörðun hans, sbr. 15. gr. laga nr. 86/2018. Var það niðurstaða kærunefndar að ákvörðun M um ráðningu í umrætt starf hafi falið í sér mismunun gagnvart kæranda á grundvelli aldurs hans og þar með brotið gegn 1. mgr. 8. gr., sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 86/2018.

Mál nr. 12/2021 frá 2. nóvember 2021 (A gegn atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu).

A kærði ANR vegna mismununar á grundvelli aldurs sem leiddi af þeim breytingum sem voru gerðar með lögum nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa, sbr. lög nr. 131/2015 um breytingu á þeim lögum, þar sem tilteknum hópi var veitt undanþága til að starfa áfram sem fasteignasalar án þess að hafa til þess löggildingu. Þar sem kæran barst kærunefnd eftir að lögmæltur kærufrestur var liðinn var henni vísað frá nefndinni.

Mál nr. 14/2021 frá 2. nóvember 2021 (A gegn Flensborgarskóla).

A kærði uppsögn hans úr starfi kennara við F þar sem hún var byggð á aldri hans. Þar sem kæran barst kærunefnd eftir að lögmæltur kærufrestur var liðinn var henni vísað frá nefndinni.

Kyn og aldur

Mál nr. 20/2020 frá 4. maí 2021 (A gegn Reykjavíkurborg).

A kærði ákvörðun R um að ráða konu sem var yngri en hann í tímabundið starf kennara í grunnskóla á vegum R. Þar sem atvik málsins áttu sér stað í tíð eldri laga var kveðinn upp úrskurður á grundvelli laga nr. 10/2008 en um málsmeðferðina fór samkvæmt lögum nr. 151/2020. Að mati nefndarinnar hafði ekki verið sýnt fram á að kæranda hefði verið mismunað á grundvelli kyns eða aldurs við ráðningu í starfið. Var því ekki fallist á að R hefði gerst brotleg við lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla eða lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði.

Kyn, aldur og þjóðernisuppruni

Mál nr. 2/2021 frá 15. september 2021 (A gegn Strætó bs.).

A kærði starfslok hjá S bs. og hélt því fram að S bs. hefði sagt henni upp með ólögmætum hætti með því að þvinga hana til að gera starfslokasamkomulag en með því hafi henni verið mismunað á grundvelli kyns, aldurs og

þjóðernisuppruna. Þar sem atvik málsins áttu sér stað í tíð eldri laga var kveðinn upp úrskurður á grundvelli laga nr. 10/2008 en um málsmeðferðina fór samkvæmt lögum nr. 151/2020. Til grundvallar starfslokasamkomulaginu lá kvörtun samstarfsmanns A yfir óviðeigandi skilaboðum sem A hafði sent honum. Leit S bs. svo á að A hefði haft uppi kynferðislega tilburði og þar með gerst sek um brot á starfsskyldum sínum. Talið var að ekki yrði hjá því komist að líta svo á að starfslokin hafi jafngilt uppsögn í skilningi 1. mgr. 26. gr. laga nr. 10/2008 og 1. mgr. 8. gr. laga nr. 86/2018. Í ljósi þess að kærði fór ekki að reglum við starfslok kæranda, samstarfsmaðurinn var karl í stjórnunarstöðu og töluvert yngri en A, að litið hafði verið til aldurs A við ákvörðun um starfslokin og að skilaboðin voru ekki rannsókuð sérstaklega með tilliti til málskilnings en A væri af öðrum þjóðernisuppruna en samstarfsmaðurinn, var fallist á að A hefði leitt líkur að því að mismunun á grundvelli kyns, aldurs eða þjóðernisuppruna hafi átt sér stað við starfslokin, sbr. 4. mgr. 26. gr. laga nr. 10/2008 og 15. gr. laga nr. 86/2018. Þá var ekki hjá því komist að telja að S bs. hefði ekki tekist að sýna fram á að aðrar ástæður en kyn, aldur eða þjóðernisuppruni hafi legið til grundvallar ákvörðun hans, sbr. sömu lagaákvæði. Var S bs. talið hafa brotið gegn 1. mgr. 26. gr. laga nr. 10/2008 og 1. mgr. 8. gr. laga nr. 86/2018.

Skert starfsgeta

Mál nr. 4/2021 frá 6. október 2021 (A gegn B ehf.).

A kærði ákvörðun B ehf. um að segja sér upp störfum. Hélt A því fram að henni hefði verið mismunað á grundvelli skertrar starfsgetu með uppsögninni, sbr. 1. mgr. 8. gr., sbr. 1. mgr. 1. gr., 10. gr. og 13. gr. laga nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði. Að mati kærunefndar hafði ekki verið sýnt fram á að A hefði verið mismunað á grundvelli skertrar starfsgetu við uppsögnina. Var því ekki fallist á að B ehf. hefði gerst brotlegt við lög nr. 86/2018.

Uppsögn á meðgöngu

Mál nr. 21/2020 frá 3. mars 2021 (A gegn Flugleiðahótelum ehf.).

A kærði ákvörðun F ehf. um að segja henni upp störfum á meðgöngu, synja henni um greiðslu launa á uppsagnarfresti og að ganga framhjá henni við endurráðningu. Þar sem atvik málsins áttu sér stað í tíð eldri laga var kveðinn upp úrskurður á grundvelli laga nr. 10/2008 en um málsmeðferðina fór samkvæmt lögum nr. 151/2020. Þar sem krafa A beindist að ágreiningi um uppgjör launa við starfslok, sem heyrir ekki undir valdsvið kærunefndar, var henni vísað frá nefndinni. Þá var ekki talið að sýnt hefði verið fram á að fæðingarorlof eða aðrar aðstæður tengdar meðgöngu og barnsburði hafi haft áhrif á uppsögn kæranda eða við endurráðningu fyrrum samstarfsmanns. Var því ekki fallist á að F ehf. hefði gerst brotlegt við lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

6. Málsmeðferðartími kærunefndar jafnréttismála

Fyrir gildistöku laga nr. 151/2020 um stjórnáslu jafnréttismála gildi það að kærunefnd jafnréttismála skyldi kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið væri og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að henni bærast mál í hendur. Með lögum nr. 151/2020 um stjórnáslu jafnréttismála varð sú breyting að nú skal nefndin kveða upp úrskurð eins fljótt og auðið er og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að gagnaöflun er lokið.

Málsmeðferðartími nefndarinnar árið 2021 var að meðaltali 179 dagar frá kæru til úrskurðar. Að meðaltali liðu 67 dagar á árinu 2021 frá því að síðasta gagn lá fyrir í máli þar til kveðinn var upp úrskurður.

Tafla 5: Málsmeðferðartími kærunefndar jafnréttismála árið 2021.

Úrskurður	Dags. kæru	Síðustu gögn	Dags. úrsk.	Dagar frá kæru	Dagar frá síðustu gögnum
18/2020	30.9.2020	18.3.2021	21.4.2021	203	34
20/2020	23.10.2020	5.1.2021	4.5.2021	193	119
21/2020	25.10.2020	3.12.2020	3.3.2021	129	90
22/2020	6.11.2020	8.3.2021	31.5.2021	206	84
23/2020	16.11.2020	11.2.2021	30.3.2021	134	47
1/2021	29.1.2021	16.8.2021	2.11.2021	277	78
2/2021	1.2.2021	16.7.2021	15.9.2021	226	61
3/2021	1.3.2021	10.8.2021	25.8.2021	177	15
4/2021	4.3.2021	9.8.2021	6.10.2021	216	58
7/2021	25.3.2021	23.8.2021	24.11.2021	244	93
8/2021	30.3.2021	6.9.2021	8.12.2021	253	93
9/2021	3.6.2021	10.8.2021	12.10.2021	131	63
12/2021	20.8.2021	1.9.2021	2.11.2021	74	62
14/2021	5.10.2021	5.10.2021	2.11.2021	28	28

